

Fimmtudaginn 13. júní 1991.

Nr. 239/1991. **Kristján Óli Hjaltason**

gegn

Kristni Sigurjónssyni.

Kærumál. XVII. kafli 1. 85/1936. Sönnunarfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. maí sl. Kærður er úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar sama dag. Ályktarorð hans hljóða svo: „Í máli þessu verða ekki leidd vitni né teknar skýrslur af stefndu, Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni.“ Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka skýrslur af vitnunum Þóreyju Hvanndal og Svölu Brjánsdóttur svo og stefndu í héraði sóknaraðila, Úlfari Nathanaelssyni og Sigurjóni Guðbjörnsyni. Þá gerir hann kröfu til kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt úrskurði héraðsdómara frá 30. apríl sl. er mál þetta rekið fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Sóknaraðili byggir í greinargerð í héraði á því, að framlagt skuldabréf sé hvorki gilt að formi né efni. Það sé ekki réttilega út gefið, og engir vottar séu að útgáfu þess eða öðrum undirskriftum. Samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. og 2. mgr. sömu greinar, komast þessar varnir að í málinu, og er sönnunarfærsla um þær heimil. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og heimila gagnaöflun um þær varnir, er að komast samkvæmt tilvitnaðri grein.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 15. maí 1991.

Stefndi, Kristján Ó. Hjaltason, hefur ekki í greinargerð sinni haft uppi neinar þær varnir, sem falla undir ákvæði 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Á dómþingi 3. maí sl. lét lögmaður stefnda bóka, að hann byggði vörn sína á því, að umdeilt skuldabréf væri falsað. Í kæru lögmannsins til RLR, sbr. dskj. nr. 9, kemur fram, að hér er átt við meinta fölsun á útgáfudegi skuldabréfsins. Málsástæða þessi er of seint fram komin, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og liggur ekki fyrir samþykki stefnanda við því, að hún komist að í málinu. Verður enda ekki séð, að skipt geti máli, að dagsetningu útgáfudags hafi verið breytt.

Í 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 felst, að varnir skv. þeirri grein verða ekki sannaðar með skýrslutökum. Vegna þessa og með vísan til 1. mgr. 115. gr. sömu laga verða ekki leidd vitni í máli þessu né teknar skýrslur af stefndu, Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni.

Á l y k t a r o r ð:

Í máli þessu verða ekki leidd vitni né teknar skýrslur af stefndu, Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni.
